

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2017**2019/EES/11/27****frá 5. maí 2017****um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegrri menntun og hæfi og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) ⁽¹⁾.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 213/2011 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, var sérnámi í krabbameinslækningum og læknisfræðilegri erfðafræði bætt við lista yfir sérgreinar læknisfræðinnar í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að breyta henni til samræmis við heiti þess náms sem við á í EFTA-ríkjunum.
- 3) VII. og X. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

1. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32013 L 0055**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2009, bls. 132).“

2. Liður C) fellur brott.

3. Liðir A), B), D) og E) verða endurtölusettir sem B), D), E) og F), í þeirri röð.

4. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„A) Í m-lið 1. mgr. 3. gr. er orðunum „og EFTA-dómstólsins, í samræmi við EES-samninginn“ bætt við á eftir orðunum „Evrópuðómstólsins“.

(…)

C) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. tölulið 21. gr. a:

„Séu lög, reglugerðir og stjórnsýslufyrirmæli sem EFTA-ríki hefur tilkynnt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessum kafla, skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa út tilmæli um breytingar í VII. viðauka við EES-samninginn til þess að uppfæra heiti sem EFTA-ríkin hafa samþykkt sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi, og, eftir því sem við á þeirri stofnun sem gefur út vitnisburðinn um formlega menntun og hæfi,

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 132.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 4.⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

vottorði sem honum fylgir og samsvarandi starfsheiti. Sameiginlega EES-nefndin skal taka tillit til tilmæla sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út við breytingar á VII. viðauka við EES-samninginn.“

5. Eftirfarandi töflu er bætt við iii) tölulið liðar a) í E) lið:

| „Land | Krabbameinslækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár Heiti | Læknisfræðileg erfðafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár Heiti |
|---------------|--|---|
| Ísland | | Erfðalæknisfræði |
| Liechtenstein | | |
| Norge | | Medisinsk genetikkk“ |

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012) í X. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 L 0055:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2009, bls. 132).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/55/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.